

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

*Lyngás 1, Friggjarreitur, breyting deiliskipulags Ása og Grunda.*

Breytingin nær til lóðarinnar Lyngás 1 sem afmarkast af Stórasi að norðvestanverðu, Lyngási að norðaustanverðu, Hafnarfjarðarvegi að suðaustanverðu og göngustíg við lóðirnar Laufás 6 og 7 og Stórás 7 að suðvestanverðu. Gert er ráð fyrir 119 íbúðum að hámarki í 5 húsum sem verða 3-4 hæða. Bifreiðastæði verða 238 og um helmingur þeirra í bifreiðageymslum. Nýtingarhlutfall lóðarinnar verður 1,0. Aðkoma verður frá Stórasi annars vegar og Lyngási hins vegar. Spennistöð Hitaveitu Suðurnesja verður færð til á lóðinni í vesturhorn hennar.

Við lokasamþykkt deiliskipulagsins í bæjarstjórn þann 14. febrúar 2007 var íbúðum fækkað úr 130 eins og kynnt tillaga gerði ráð fyrir í 119 og við það lækkuðu húsin næst Lyngási.

*Breyting deiliskipulags Ása og Grunda.*

Breytingin nær til lóðarinnar Lyngás 7-9 og felur í sér skiptingu lóðarinnar í tvær lóðir, nr. 7 og 9. Byggingarreitur á lóð nr. 9 nær að mörkum lóðar nr. 7 en ekki er gert ráð fyrir byggingarreit á lóð nr. 9.

*Breyting deiliskipulags Hraunsholts – Ása.*

Breytingin nær til lóðarinnar Brekkuás 11 og gerir ráð fyrir því að þremur bílastæðum verður bætt við á lóðinni.

*Breyting deiliskipulagsins Arnarnesland – Akrar.*

Breytingin varðar lóð nr. 2 við Miðakra og felst í því að lóð spennistöðvar stækkar um tvo metra til vesturs og heimilt verður að stækka hús spennistöðvarinnar um 2,1 m til vesturs. Heimildin er háð því að Orkuveita Reykjavíkur geri gróðurbelti við lóðina og að bergflétta verði látin vaxa á suður- og vesturveggjum spennistöðvarinnar.

Deiliskipulagsbreytingar þessar hafa fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagsbreytingarnar öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 14. janúar 2008.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.